

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2018, miðvikudaginn 7. mars var haldinn 386. stjórnarfundur SORPU bs. Fundurinn fór fram á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst kl.07:30. Mætt voru: Halldór Auðar Svansson, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Alfbórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Sturla Þorsteinsson boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð, og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram ársreikningur SORPU bs. fyrir árið 2017 ásamt samanburði rekstrar og áætlunar. Einnig er lögð fram endurskoðunarskýrsla KPMG. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

Þorgils Óttar Mathiesen og Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram skýrsla innri endurskoðanda um innri endurskoðun og eftirlit og samspil stofnsamnings, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar.

Jón H. Sigurðsson frá Price Waterhouse Cooper tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram álit endurskoðunarnefndar SORPU bs. á endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðanda og skýrslu innri endurskoðanda. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leggja fram úrbótaáætlun sem miðar við ábendingar ytri og innri endurskoðanda.

Ólafur Kristinsson og Inga Björg Hjaltadóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU bs. taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer kynning á stöðu í samningskaupaviðræðum vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar þar sem samningskaupaviðræður séu hafnar við þrjá af bjóðendum sem tóku þátt í útboði á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Óskað var aðstoðar innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og embættis borgarlögmans við ferlið.

5. Fram fer kynning á niðurstöðu útboðs á endurskoðunarþjónustu. Samþykkt að taka tilboð Grant Thornton í ytri endurskoðun, en útboðið var sameiginlegt með Reykjavíkurborg.

6. Lagt fram minnisblað yfirverkfræðings vegna tafa á fyrirhuguðu útboði vegna vinnu verktaka við móttöku úrgangs í Álfsnesi. Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að framlengja samning við HJ bíla til 1. september 2018.

7. Fram fer kynning á drögum að viljayfirlýsingu með stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Samþykkt að fela formanni stjórnar að ganga frá yfirlýsingunni.

8. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 23. febrúar 2018, vegna breytinga á móttökugjöldum 1. mars 2018 vegna tiltekinna endurvinnsluefna s.s. plasts og bylgjupappa. Breytingarnar eru til komnar vegna verðfalls á plastafurðum og bylgjupappa

9. Fram fer umræð um framlengingu á samningi við Sorpstöð Suðurlands bs. vegna móttöku á úrgangi frá suðurlandi.

Stjórn staðfestir framlengingu á samningi um móttöku á úrgangi frá Sorpstöð
Suðurlands bs. til 31. mars 2018.
10. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 16. mars kl. 07:30.

**Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið klukkan 10:10.**

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Jóna Sæmundsdóttir
Kolbrún Þorsteinsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson
Rósa Guðbjartsdóttir